

Hverfisráð Hríseyjar

89. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í mánudaginn 4. maí klukkan 16:00 í Hlein.
Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Anton Már Steinarsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir

Dagskrá:

1. Ráðning forstöðumanns í Sundlaug Hríseyjar.

Ráðið hefur verið í starf forstöðumanns íþróttamiðstöðvarinnar í Hrísey. Hverfisráð Hríseyjar hafði áður mótmælt auglýsingu um starfið þar sem auglýst var í tvær 40% stöður. Áður hefur verið rætt um að Akureyrarbær hlúi að þeim störfum sem eru í boði í Hrísey en hverfisráð telur að það sé ekki gert í þessu tilviki. Með því að ráða í tvær 40 % stöður er verið að koma í veg fyrir að fyrirvinna fjölskyldu ráði sig í starfið og þá að fjölskylda setjist að eða búi áfram. Áður var forstöðumaður í 85 % stöðuhlutfalli í sundlauginni og 15% stöðu sem húsvörður í Hríseyjarskóla. Nú hefur forstöðumaður sundlaugar Akureyrar lagt það til að húsið verði ómannað þegar íþróttatímar skólans eru í húsinu. Það finnst okkur ótækt og efumst um lögmæti þess.

2. Netsamband í Hrísey

Undanfarnar vikur hefur netsamband í Hrísey verið mjög lélegt. Oft var þörf að grípa til aðgerða en núna er nauðsyn. Það verður að koma á háhraða netsambandi í eyjuna sem hægt er að treysta á.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00.

Anton Steinarsson
Kristján Ingimar Ragnarsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörg Guðmundsdóttur